

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

Reykjavík 3. janúar 2019  
UST201812-083/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 – Garðastígur 8b

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna breytingar aðalskipulags á Garðastíg 8b í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að eigendur lóðarinnar Garðastígs 8b hafa óskað eftir því að lóðin verði skilgreind sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi þar sem áform eru um að byggja allt að 20 litlar starfsmannaíbúðir á lóðinni í tengslum við starfsemi Flúðasveppa. Lóðin er staðsett vestan flugvallar á Flúðum á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi.

**Ný íbúðarsvæði í þéttbýli**

Í greinargerð kemur fram í kaflanum um forsendur að fólksfjölgun í sveitarfélaginu hefur verið stöðug á undanförunum áratugum og náð hámarki árið 2016, en hinsvegar hefur orðið fólksfækkun árið 2017. Ekki kemur fram í tillögunni hvort fólksfjölgun hefur orðið á Flúðum, þrátt fyrir að fólki fari fækkandi í sveitarfélaginu í heild, sem gefur tilefni til að fjölga íbúðarsvæðum í sveitarfélaginu. Á uppdrætti gildandi aðalskipulags kemur fram að á Flúðum eru nú þegar óbyggð íbúðarsvæði sem nefnast ÍB7 og ÍB8.

Í kafla 3.2.1 í Landskipulagsstefnu er fjallað um vöxt þéttbýlisstaða og þar segir: *Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.*

Svæðið sem er hér til umfjöllunar er innan þéttbýlis Flúða. Það er hinsvegar mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að byggja á þeim svæðum sem nú þegar eru

skilgreind sem íbúðarsvæði í þéttbýlinu, þetta byggð og forðast útpenslu byggðar í samræmi við kafla 3.2.1 í Landskipulagsstefnu.

Auk þess er það mat Umhverfisstofnunar að kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum komi fram í forsendukafla tillögunar, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“


### **Ferðapjónusta**

Í greinargerð er vitnað er í kafla 2.4.1 í Landsskipulagsstefnu sem nefnist „*Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða*“. Að mati Umhverfisstofnunar á þessi kafla ekki við í lýsingu miðað við ofangreindar upplýsingar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur